

Læsisstefna heilsuleikskólans Fífusala

Fífusalar setur sér stefnu um málþroska, lestur og lesskilning í samræmi við lög um leikskóla nr.90/2008, aðalnámskrá leikskóla 2023 og stefnu Kópavogsbæjar um læsi.

Markmið með læsisstefnu í leikskóla er að leggja góðan grunn að lestrarfærni barna með því að skapa örvandi læsisumhverfi þar sem áhersla er lögð á málþroska, orðaforða, hljóðkerfisvitund og efla áhuga barna á bókum og ritmáli.



Bernskulæsi

Í lögum um leikskóla segir: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölreyttra uppeldiskosta“ (Lög um leikskóla nr.90/2008)

Í aðalnámskrá leikskóla (2023) er læsi einn af grunnþáttum en „læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“ Bestur árangur næst þegar gott samstarf er á milli leikskóla og foreldra um nám barna.

Á leikskólaárunum er lagður mikilvægur grunnur að þroska barna sem undirbýr þau fyrir lestrarnám seinna meir en oft er hugtakið bernskulæsi notað yfir þetta ferli.

Bernskulæsi hefur verið skilgreint þannig að það feli í sér ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lestrar og ritunar. Bernskulæsi felur í sér skilning á læsistengdum hugtökum og tekur til hefðbundinna læsisþátta:

hljóðkerfisvitundar, bókstafaþekkingar, umskráningar, orðaforða, málskilnings og ritunar. Sjá nánar um bernskulæsi á www.lesvefurinn.hi.is

Læsi í leikskóla

Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Læsi þróast í gegnum leik, samskipti og fjölbreyttum athöfnum leikskólastarfsins. Sjá nánar um læsi á www.lesvefurinn.hi.is

Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að :

- ✓ eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum
- ✓ endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi
- ✓ tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði
- ✓ kynnast tungumálinu og möguleikum þess
- ✓ njóta þess að hlusta á sögur, ljóð, þulur og ævintýri
- ✓ þróa læsi í víðum skilningi
- ✓ deila skoðunum sínum og hugmyndum
- ✓ nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar og velt vöngum yfir eigin samfélagi og menningu annarra þjóða.

Undirstöðupættir læsis

Undirstöðupættir læsis sem hafa mest forspárgildi við upphaf grunnskóla er varðar læsi er:

- ✓ hljóðkerfisvitund
- ✓ stafapekking
- ✓ orðaforði
- ✓ málskilningur
- ✓ frásagnarhæfni

Hljóðkerfisvitund er sá hæfileiki að geta hugsað og talað um hljóðkerfi málsins. Barn með vel þroskaða hljóðkerfisvitund skynjar form tungumálsins og getur aðskilið það frá merkingarlegu innihaldi þess. Góð hljóðkerfisvitund og þá ekki síst hljóðavítund er ein af mikilvægustu forsendum þess að börn nái góðum tökum á lestrarferlinu (umskráningu). Unnið er markvisst með hljóðkerfisvitund í hópastarfi en aðgerðaráætlun er í vinnuáætlunum frá 1-6 ára. Könnun er gerð á elsta árgangi varðandi bók og tölustafapekkingu sem fylgir þeim upp í grunnskóla.



Snemmtæk íhlutun/mat á starfi og eftirfylgni

Fylgst er með framförum barna í málþroska og læsi. Viðurkennd greiningartæki/skimanir eru notuð til þess að fylgjast með framförum. Foreldrar eru upplýstir um framgöngu barns síns. Við beitum snemmtækri íhlutun og leitum eftir stuðningi sérfræðinga þegar grunur vaknar um málþroskavanda. Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir börn með frávík í málþroska/læsi. Eftirfylgni er á hljóðkerfisvitund í hópastarfi á þremur elstu árgöngum leikskólans – hún er gerð á þriggja mánaða fresti.

Unnið er markvisst að því að kenna tvítyngdum börnum íslensku sem annað tungumál í leik og með virkri þátttöku þeirra. Foreldrum barna með annað móðurmál en íslensku er leiðbeint um mikilvægi móðurmáls og hvernig leikskólinn og foreldrar geta í samvinnu stuðlað að virku tvítyngi.

Brugðist er við um leið og grunur vaknar um frávík í málþroska eða læsi. Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir nemendur með frávík í læsi

Reglulegt endurmat er gert á læsisstarfi leikskólans. Meta þarf hvort stefnan styðji við markmið og námskrá. Tryggja þarf að hún mæti fjölbreyttum þörfum barna (t.d. fjöltyngi, sérþarfir)

Eftirfarandi skimanir eru nýttar í Fífusölum:

- EFL-2 málþroskaskimun er ætlað að finna þau börn á fjórða ári sem víkja mest frá meðalfærni jafnaldra í málskilningi og máltjáningu.
- Orðaskil er málþroskaskimun sem byggir á orðaforða gátlista fyrir börn á aldrinum eins og háls til þriggja ára. Skimuninni er ætlað að mæla orðaforða barna og einnig hvort þau hafa náð valdi á beygingakerfi og setningagerð málsins.
- Hæfniráttar í íslensku fyrir fjöltyngd börn er fyrst og fremst ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku. Viðmið Hæfniráttanna sýna þróun á færniþáttum við tileinkun annars tungumáls sem brýnt er að vinna markvisst með og þeirri hæfni sem börnin þurfa að ná á þessu fyrsta skólastigi.
- HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans.
- Íslenski þroskalistinn – er ætlað að meta þroska þriggja til sex ára barna með því að afla upplýsinga frá mæðrum þeirra. Listinn skiptist í hreyfi- og málhluta.
- Smábarna listinn – er ætlaður til að meta mál- og hreyfiþroska 15 mánaða til 36 mánaða barna með því að afla upplýsinga frá mæðrum þeirra.
- Heilsubók Barnsins: Þegar barn hefur nám í Heilsuleikskóla þá fær það bók þar sem fylgst er með og skráð í margvíslegar upplýsingar um barnið. Þar má nefna heilsufar, hæð, þyngd, félagslega færni, úthald og almenna þekkingu á t.d. litum og formum. Skráð í í bókina tvisvar sinnum yfir skólaárið, í afmæls mánuði barnsins og sex mánuðum síðar. Þessi skráning gerir kleift að fylgjast náið með þroskaframvindu barnsins.



Gott aðgengi er að rítföngum, við leggjum áherslu á rétt blýantsgrip um skriffæri. Að hafa rítföng aðgengileg hvetur börn til að taka frumkvæði – þau geta gripið til þeirra þegar þau vilja skapa, læra eða tjá sig. Þetta eykur sjálfsæði þeirra og sjálfstraust.



Við notum kennsluefnið „Lubbi finnur málbein“ en þar eru fjölbreytt verkfæri til að styðja börnin til læsis og lögð er áhersla á málhljóða innlögn allt skólaárið. Lestraráttak Lubba er ár hvert þar sem foreldrar eru þátttakendur í.



K-PALS - Fyrirhugað er að efla markvissa læsiskennslu hjá elsta árgangi í leikskólanum sem byggir á gagnreyndum aðferðum í lestrarkennslu. Lestrakennsluaðferðin ber heitið K-pals þar sem kenndir eru bókstafir og hljóð. Þessi aðferð hefur skilað mjög góðum árgangi og þá ekki síst meðal nemenda sem eiga í erfiðleikum með hljóðræna úrvinnslu eða eru líkleg til að eiga í við lestrarerfiðleika að etja síðar meir. Þetta er þróunar og samstarfsverkefni leik- og grunnskóla innan sama skólahverfis, sem er grunnskólinn Salaskóli – Vatnsendaskóli – Barnaskóli Kársness og heilsuleikskólinn Fífusalir – leikskólinn Sólhvörf. Niðurstöður þessa þróunarverkefnis verða kynntar í skólasamfélaginu haustið 2027. Með því að nota K-PALS sköpum við samfellu á milli leik- og grunnskóla.

Hlutverk kennara er:

- ✓ að vera góð málfyrirmynd, tala skýra og rétta íslensku og nota fjölbreyttan orðaforða.
- ✓ að nota opnar spurningar þannig að svar barnsins reyni á orðaforða þess og máltjáningu eftir því sem þroski þess leyfir.
- ✓ að hlusta á börnin, gefa þeim tíma til að tjá sig og mynda setningar og grípa ekki fram í fyrir þeim né svara fyrir þau.
- ✓ að hvetja börnin til að segja og spinna sögur, tjá tilfinningar sínar og líðan, heilsa og kveðja og þakka fyrir sig eftir því sem við á.
- ✓ að lesa vandaðar bækur miðað við aldur og þroska barnanna, útskýra orð sem börnin þekkja ekki.
- ✓ að hvetja þau til að setja orð á allar athafnir sínar.
- ✓ að nýta sjónrænt skipulag með börnunum.

Þá leggjum við áherslu á að kennarar sækji sér endurmenntun, kynni sér nýngar í starfi og kennsluefni sem stuðlar að bættu læsi.

Kennarar leggja sig fram um að miðla hugmyndum og efni sín á milli og styðja hvern annan á jákvæðan hátt við að prufa sig áfram með nýjar hugmyndir og kennsluaðferðir í starfi.

Samvinna við foreldra um mál og lestur

Við virkjum foreldra í samstarfi um mál og læsi barna sinna og eru upplýstir um framfarir þeirra. Leiðbeinum hvernig þeir geta stutt við og örvað mál og læsi barna sinna.

Við fræðum foreldra um mikilvægi lesturs og hvetjum til lesturs og samræðna heima fyrir. Foreldra fá sendan bækling á haustönn með punktum varðandi mikilvægi lesturs frá 1-6 ára. Samvinna leik- og foreldra er mikilvægur þáttur í læsispróun barns en rannsóknir sýna að umhverfi á heimilum hefur áhrif á læsi, m.a. hvort börn sjái foreldra sína lesa eða skrifa og hvort það séu bækur eða annað lesefni á heimilinu.



Samstarf leik- og grunnskóla

Markmið heilsuleikskólans Fífusala og Salaskóla er:

- ✓ að bæta og þróa áfram samstarf milli leik- og grunnskóla.
- ✓ að kennarar á báðum skólastigum kynnist starfsaðferðum hvors annars.
- ✓ að kennarar miðli sín á milli góðum og árangursríkum verkefnum og vinnubrögðum.
- ✓ að stuðla að vellíðan og öryggi barnanna er þau fara úr leikskóla í grunnskóla.
- ✓ að útbúa sameiginlegt skipulag og námsáætlun – skapa samfellu á þessum tveimur skólastigum.
- ✓ að leggja áherslu á tvítyngd börn og fylgja þeim vel eftir varðandi málproska og tjáningu.
- ✓ að vinna markvisst með málproska: orðaforðakennslu/orðanáms og félagsfærni: samkennd/samvinnu.

Haldnir eru fundir á skólaárinu þar sem kennarar beggja skólastiga miðla sín á milli góðum og árangursríkum verkefnum og vinnubrögðum.

Samráðsfundir eru haldnir tvisvar á ári, fyrri að hausti og seinni í byrjun maí. Markmiðið með þessum fundum er að efla fagleg vinnubrögð og efla upplýsingaflæði milli skólastiga.

Börnin fara í sögustundir í bókasafn Lindarskóla og bókasafn Kópavogs og heimsóknir í lista og menningarhús.

Ítarefni

- ✓ Orðaspjall er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Handbók um aðferðina og upplýsingar má finna á www.tjarnarsel.is
- ✓ Lærum og leikum með hljóðin www.laerumogleikum.is
- ✓ Lubbi finnur málbein www.lubbi.is
- ✓ Markviss málörvun er handbók í þjálfun hljóðkerfisvitundar og tengsl hljóðkerfisvitundar við lestrarferli og myndun læsis.
- ✓ Ýmislegt um málörvun og boðskipti er að finna í bókunum Ljáðu mér eyra og Bína Bálreiða eftir Áshildi Bj. Snorradóttur.
- ✓ Margvísleg smáforrit til málörvunar leikskólabarna má finna á www.appland.is/leikskoli
- ✓ Fjölbreytt kennsla – námsefni til að vinna með hljóðkerfisvitund www.fjolebreyttkennsla.is

